

Borgarstjórn
3. október 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um merkingar á gangbrautum

Borgarstjórn samþykkir að bætt verði úr þeim misbresti að gangbrautir í Reykjavík séu merktar eins og lög og reglugerðir kveða á um. Gangbrautir verði merktar með zebrabrautum og skiltum til að auka umferðaröryggi. Í reglugerð 289/1995 er kveðið á um að gangbraut skuli merkt með umferðarmerki báðum megin akbrautar sem og á miðeyju þar sem hún er. Þá skal merkja gangbraut með yfirborðsmerkingum, hvítum línunum þversum yfir akbraut.(Zebrabrautir).